

**Gísli Skúlason**

**Englar alheimsins**  
**Kennarakver**

**Mál og menning**  
**1995**

## Efnisyfirlit

### Formáli

1. Höfundarferill Einars Más
  - ... í stuttu máli
  - ... í örlítið lengra máli
2. Yfirlit um atburðarás
  - Fyrri hluti, Englar alheimsins
  - Síðari hluti, Farandskuggar
3. Spurningar sem tengjast einstökum þáttum sögunnar
4. Sögungreining - verkefni og minnispunktar
  - Bygging og frásagnaraðferð
  - Tími sögunnar
  - Helstu sögupersónur
  - Páll og æviskeið hans
  - Umhverfi
  - Ljóð og saga
  - Túlkun (og tenging við bókmenntasögu)
  - Englar alheimsins og önnur geggjuð verk
5. Athugunarefni utan sögunnar, tenging við söguefnið
6. Ritunarverkefni
7. Glefsur úr ritdómum
8. Heimildir

## **Formáli**

Kennarakver það sem hér fer er hugsað sem hjálpargagn fyrir þá kennara sem hyggjast taka Engla alheimsins til kennslu í fyrsta sinn. Kverinu er ekki ætlað að koma í stað hinnar sífrjóu og skapandi hugsunar kennaranna heldur þvert á móti að hvetja til hennar með því að auðvelda þeim ófrjóa og oft leiðinlega undirbúningsvinnu sem alltaf er nauðsynleg þegar nýtt kennsluefni er annars vegar.

Í kverinu er raunar að finna nokkrar hugmyndir að verkefnum sem nýst gætu seinfærum kennurum í tímahraki þar til þeim hefur gefist tóms til að upphugsa sín eigin. Reynt er að miða þessi verkefni við þá staðreynd að misþroskaðir nemendur falla kennurum í skaut. Hér eru því beinar efnisspurningar í bland við allviðamikil umræðu- eða ritgerðaverkefni sem ættu að reyna á formlega hugsun. Oftar en ekki er þó velt upp lítt mótuðum hugmyndum og viðtakendum látið eftir að færa þær í endanlegt form.

Selfossi í júlí 1995

# 1. Höfundarferill Einars Más

## ... í stuttu máli

- 1954 fæddur í Reykjavík 18. september. Faðir hans leigubílstjóri, móðir hans húsmóðir. Elst upp í Vogahverfi. Gengur til liðs við Fylkinguna fimmtán-sexstán ára. Stúdentspróf frá Menntaskólanum við Tjörnina.
- 1979 BA-próf í bókmenntum og sagnfræði við Háskóla Íslands, lokaritgerð um ljóðabókina Eyðilandið eftir T.S. Eliot. Býr í Kaupmannahöfn 1979-1985.
- 1980 tvær ljóðabækur, *Er nokkur í kórónafötum hér inni?* og *Sendisveinninn er einmana*. Skáldið sér sjálft um sölu bókana á kaffihúsum, skemmtistöðum og á götum úti og gengur vel.
- 1981 ljóðabókin *Róbinson Krúsó snýr aftur*.
- 1982 fyrsta skáldsagan, *Riddarar hringstigans*, og hlýtur fyrstu verðlaun í skáldsagnasamkeppni Almenna bókafélagsins.
- 1983 önnur skáldsagan, *Vængjasláttur í þakrennum*.
- 1986 síðasti hluti þrileiksins, *Eftirmáli regndropanna*.
- 1988 smásagnasafnið *Leitin að dýragarðinum*.
- 1990 skáldsagan *Rauðir dagar*.
- 1991 ljóðabókin *Klettur í hafi* með málverkum eftir Tolla. Kvikmyndahandrit að *Börnum náttúrunnar* með Friðriki Þór Friðrikssyni.
- 1992 barnasagan *Fólkið í steinunum*.
- 1993 barnasagan *Hundakexið*. Skáldsagan *Englar alheimsins*. Kvikmyndahandritið *Bíó dagar* með Friðriki Þór.
- 1995 Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs.

## ... í örlítið lengra máli

Einar Már Guðmundsson hóf höfundarferil sinn sem ljóðskáld en sneri sér fljótlega að skáldsagnarritun. Hann hefur þó aldrei snúið baki við ljóðinu því myndmál er yfirleitt áberandi í skáldsögum hans.

Strax í ljóðabókum Einars frá 1980 og 1981 birtast helstu höfundareinkenni hans, frjótt ímyndunarafli og óbeislað myndmál. Ljóðin eru opinská og ágeng, þar er deilt á þjóðskipulagið (kapítalismann) og ófrjótt líf ungra sem aldinna, neysluæði, hlutadýrkun og veruleikaflotta nútímamanna. Líkt og í síðari verkum er algengt að ljóðin sæki efni til annarra bókmennta, kvikmynda, tónlistar og sögu, hvort heldur í nútíð eða fjarlægri fortíð. Þar gerir Einar ekki upp á milli rokks og pönks, dægurlagatexta og módernisma, teiknimynda og klassískra bókmennta.

Segja má að Einar Már hafi fengið fljúgandi start bæði sem ljóðskáld og skáldsagnahöfundur. Ljóðabækur hans seldust grimmt og féllu lesendum vel í geð, og það sama má segja um verðlaunasöguna Riddara hringstigans. Sagan er sú fyrsta í þriggja binda verki (*Vængjasláttur í þakrennum*, *Eftirmáli regndropanna*) sem gerist í úthverfi Reykjavíkur á sjöunda áratugnum. Í þessu þriggja binda verki er einkum lýst hugmyndaríki og athafnasömum strákum hverfisins en uppátæki þeirra samrýmast misvel heimi hinna fullorðnu og ýmis áföll dynja yfir þá og hverfið í heild. Eins og í ljóðum Einars er myndmálið yfirdrifið og vísanir til dæmis í kristilegar goðsagnir áberandi (Silja Aðalsteinsdóttir kallar þetta "biblíusögur" (1995:12)). Þrátt fyrir það sem

sameiginlegt er stendur hver saga sem sjálfstætt verk og í raun eru þær ólíkar að mörgu leyti.

Smásagnasafnið Leitin að dýragarðinum er á sinn hátt hefðbundnara en skáldsögurnar sem á undan komu. Þar er mælskan ekki eins áberandi. Flestar lýsa sögurnar persónum sem á einhvern hátt eru utangarðs í samfélaginu, og söguhetjurnar eru yfirleitt haldnar einhverri ástríðu. Að minnsta kosti tvær persónur í þessu safni koma lesendum Engla alheimsins kunnuglega fyrir sjónir: Viktor í sögunni Regnbogar myrkursins og Pétur bóndi og fræðimaður í Garðyrkjumönnunum.

Rauðir dagar er Reykjavíkursaga líkt og fyrri sögur Einars. Sögu sviðið er miðbærinn, æskulýðsuppreisn 68-kynslóðarinnar í brennidepli. Aðalpersónan er ung Akureyrarstúlka sem í uppreisn gegn foreldrum og fleiru sest að í Reykjavík og kynnist þar hinum vinstrisinnuðu Samtökum í Rauða húsinu. Í þeim er skemmtilegt samansafn þrakkara og furðufugla sem beita ýmsum ráðum til að pirra yfirvöld í þágu byltingarmálstaðarins. Eins og í fyrri verkum Einars eru atburðir á köflum ýkjukenndir og lýsingar á uppátækjum Samtakanna gjarnan með þjóðsagnakenndum ólíkindum þó ýmislegt eigi sér þar stoð í sögu Fylkingarinnar á "aðgerðatímabili" þeirra samtaka fyrir og um 1970. Hér sakar ekki að geta þess að þessi saga Einars þykir minna um margt á sögu annarrar norðanstúlku, þ.e. Atómstöðina eftir Halldór Laxness (sjá t.d. Skafti Þ. Halldórsson 1991:110).

Eins og fyrr sagði hlaut Einar Már lof fyrir sín fyrstu verk en síðan hafa viðtökur verið blendnari. Á það einkum við um Eftirmála regndropanna og Rauða daga. Kannski má viðhafa hér gömlu klisjuna um að enginn sé spámaður í sínu föðurlandi. Til dæmis fengu Englar alheimsins nokkuð misjafna dóma hjá íslenskum gagnrýnendum þó flestir lofuðu söguna reyndar þegar á heildina var litið fyrir djörf tók á viðkvæmu efni, og ekki hlaut hún útnefningu til íslenskra bókmenntaverðlauna þó tilnefnd væri hún til hinna norrænu. Ritdómur um söguna birtist fyrst í "... öflugasta bókmennta- og listatímariti landsins ...", Tímariti Máls og menningar, vorið 1995 eftir að hún hafði hlotið Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs og forlag Máls og menningar var komið með útgáfurétt að verkum skáldsins.

## 2. Yfirlit um atburðarás

Aldrei verður nógsamlega brýnt fyrir kennurum að fylgjast með vinnubrögðum nemenda sinna. Þeir ættu til dæmis að brýna fyrir þeim að gera sér efnisyfirlit á borð við það sem hér fer á eftir um leið og þeir lesa söguna (og annað námsefni) í fyrsta sinn. Það ætti að stuðla að lestri með fullri meðvitund og hjálpa til við verkefnavinnu og prófundirbúning á síðari stigum. Yfirlitið sem hér fer er þó fyrst og síðast ætlað kennurunum sjálfum til að henda reiður á atburðarás sögunnar í kennsludagsins önn.

### Fyrri hluti, Englar alheimsins

#### I (9-32): Af foreldrum Páls, öfum og ömmum, og fæðingu hans sjálfs 30. mars 1949.

- 1) Páll sér föður koma með son sinn á Klepp og verður hugsað til ævintýra móðurinnar. Hegel og veruleikinn, skáld og heimspekingar: "... í okkar heimi hafa aðrir rétt fyrir sér og þekkja muninn á réttu og röngu." Seinna þegar lyfjaskýið umlykur Pál sýnir hann engin viðbrögð þegar nafn hans er nefnt. (10)
- 2) Draumi móður Páls lýst: hundur og 4 hestar, sá skjótti hagar sér undarlega og deyr. Móðir Páls man fyrst drauminn aftur þegar hann hverfur úr þessum heimi, finnst hann einhver fyrirboði þess sem gerst hefur.
- 3) Um ævisögur og fæðingardag Páls 30. mars 1949. Nató er einnig á tímamótum við dauða Páls, enginn óvinur lengur, múrar hrundir í Berlín en "...múrarnir milli mín og heimsins hrynja aldrei;..." (16)
- 4) Fæðingardagurinn áfram - barnið vill nú ekki lengur fæðast í þennan heim grjótkasts og tárags.
- 5) Ólafur faðir Páls nær í smyglaða brjóstholdara sem Gunnar stýrimaður á Eyjafossinum færir heim með meiru. Gunnar selur Björgvini kaupmanni góssið á 3 kr. stk. x 1000=3000 kr.
- 6) Ólafur fer á Austurvöll til að forvitnast en verður að flýja undan táragasi og fer á Skeggyagötu til tengdaforeldra sinna. Hann fréttir að hann sé orðinn faðir, en Páll veit ekki hvort hann grætur af fögnuði eða sviða af táragasinu.
- 7) Var bölvun yfir deginum? Páll er eins og lóan fyrir foreldrum sínum, en heimurinn er klofinn í tvennt eins og geðsjúkur maður. "Ó, svarthvíti heimur, þegar allt var í jafn föstum skorðum og sjúklingur í spennitreyju!" (23) "...bílinn sem einn daginn ók inn í dauðann." (23)
- 8) Forsagan: Ólafur afi sem hvarf "...jafn snemma af sjónarsviðinu og ég." (24) Drykkjuskapur afans, kjallaholan við Sjómannastíginn, ferð Ólafs yngra yfir Helligheiði til vandalausra í Kambahreppi þar sem hann dvelur 12 ár í torfbæ. Síðan aftur til Reykjavíkur, sjósókn, strætisvagna- og rútuakstur, leigubíll, kjallaraíbúð við Bryggjusund. Móðir Páls "af góðu fólki" svo faðir hans leggur sig allan fram til að standa sig.
- 9) Orðrómur um að Ólafur stundi Gúttó og haldi framhjá konu sinni. Jóhann bróðir Guðrúnar kemst að því að þar er Gummi bróðir Ólafs á ferð og ekkert syndsamlegt.
- 10) María amma Páls er sigld og vel að sér í Lagerlöf, Hamsun, Björnson og Strindberg. Afinn Páll vinnur við að kortleggja gróðursvæði svo þau bregða búi og flytja á Skeggyagötu þegar Ísland er hernumið. Í barnaskoðun er spurt um geðveiki í ætt Páls.
- 11) Afinn yrkir stökur fyrir Pál þar sem hann óskar þess að sólin megi ríkja á vegi hans. Hann gefur Páli forláta frímerkjabók 8 ára gömlum. Þegar Páll er orðinn öryrki heimsækir

hann afa sinn og ömmu á Teigaveginn og heyrir afann fara með kveðskap sinn, jafnvel eftir að hann er dáinn.

## **II (33-54): Af bernsku Páls, æskufélögum og nágrönnum.**

- 1) Umhverfi spítalans lýst kuldalega. Endurminningar frá því ungar mæður sátu á túninu með ungbörn sín.
- 2) Móðir Páls hittir Baldvin Bretakóng (liðsforingjann) sem er fyrrum embættismaður utan af landi. Hann segir að englar vaki yfir Páli litla, en ávítar hann síðar þegar hann er orðinn vitskertur fyrir að hafa ekki gætt englanna sinna.
- 3) Páll litli kannar umhverfið og er bitinn af 3 stelpum í næsta garði. Hann sér ekki sjálfan sig í speglinum og gegnir ekki Pálsnafninu.
- 4) Bréf til Rabba bróður: Páll er hættur að taka lyfin, minnst leikja við Gulla og talar um þegar Bergsteinn faðir hans var að mála spítalann. Páll man síðar þegar hann sjálfur var að mála og verkjaði í eyrað, sannfærður um að hann væri van Gogh.
- 5) Vinirnir: Rauðhærðu bræðurnir Daníel og Skúli, synir Þórs togarajaxls og Ellu feitu, og dökkhærðu bræðurnir Jói og Siggi, synir Benna pípara og Þóreyjar. Þór verður fyrir voðaskoti í veiðitúr með Benna og missir annað augað.
- 6) Gulli verður listmálari, Daníel og Skúli bílasalar, Jói gæslumaður og Siggi sjómaður, Páll einfari að atvinnu og vistmaður á Kleppi. Glæsileg skúta strandar og ýtir undir þrá Sigga eftir fjarlægum löndum en Gulli notar myndefnið í frægt málverk.
- 7) Ella feita býr til bolluvendi og Jói og Palli selja þá á 2 kr. í stað 20. Þeir minnst tókallanna hennar Ellu síðar þegar Jói er orðinn gæslumaður á Kleppi og hittir Pál þar sem sjúkling.
- 8) Páll fær að hlusta eftir hjartanu í skauti Stínu systur Daníels og Skúla. Eyvindur vörubílstjóri og kattabani kaupir sér togara og fer á hausinn. Síðar liggja leiðir hans og Páls saman í húsnæði Félagsmálastofnunar. Systkini Páls: Haraldur, Rabbi, Svana.
- 9) Benni keyrir á ljósastaur og deyr.
- 10) Siggi fer í skútuna eftir dauða föður síns og lætur sig dreyma um að komast burt. Löngu síðar reynir hann að kaupa skútuna en eigendurnir láta hana frekar drabbast niður en selja hana.

## **III (55-66): Af stúdentinum (og Páli).**

- 1) Orð Makbeðs um lífið "... þulið af bjána ... og merkir ekki neitt." (55) Páll hleypur berfættur að heiman upp að Elliðaám, rankar við sér í fangaklefa og er keyrður á Klepp í járnnum.
- 2) Strákarnir skjóta máva og á skúr Óla trillukarls. Þá sjá þeir löggubíl bruna að spítalanum.
- 3) Löggurnar fara með stúdentinn vitskerta inn á Klepp en þar er ekki tekið við honum.
- 4) Saga stúdentsins: Í fangelsinu slær hann höfðinu við veggina og bítur í sundur á sér tunguna. Loks er hann fluttur á Klepp og deyr þar nokkrum vikum síðar. Þá kemur í ljós að hann var með heilaæxli og sársaukinn olli sturluninni.

## **IV (67-81): Kleppur og nágrenni í æsku Páls.**

- 1) Aðbúnaður sjúklinga batnar, þeir eru viðraðir og baðaðir. Áður var réttur sjúklinga minni en búfénaðarins.

- 2) Ragnar föðurbróðir Páls tjáir sig um Klepp eftir að hafa verið rekinn þaðan fyrir að gefa sjúklingi jólaköku.
- 3) Ragnar og barátta hans við auðvaldið. Hann segir að læknarnir séu dauðhræddir við sjúklingana. Hegðun megi bæta með því einu að koma vel fram við sjúklingana.
- 4) Steinunn gamla sem eldar barnakjötið verður strákunum til bjargar þegar þeir villast á pramma.
- 5) Gulli notar fyrirmyndir af innrömmunarverkstæði Kúdda í "Spjall snillinganna". Bergsteinn er snilldarmálari en selur aldrei neina mynd, kannski af því að Kleppsspítali er á þeim öllum.
- 6) Fyrsti yfirlæknir á Kleppi var andatrúar og stundaði vatnalækningar. Lýst er sýsli meðfærilegra sjúklinga umhverfis spítalann: Bóndans sem byggði torfbæinn, bóndakonunnar með kaffið, Baldvins Bretakóns, Grétu sem gekk svo hratt og mikið og Einars sem hélt hann væri Ali Baba.
- 7) Foreldrar Páls heimsækja hann á spítalann en þá er búið að dópa hann svo upp að hann getur ekki talað. Þetta er gert vegna þess að starfsfólk er svo fátt yfir páskana.

#### **V (83-104): Dvöl Páls í Skagafirði og heimkoma þaðan.**

- 1) Lýst er líðan Páls á spítalanum og skynjunum hans. Allt er kuldalegt og myrkt. Vísað er til fljúgandi kúa Chagalls og málverka Bergsteins.
- 2) Minningar frá sumardvöl í Skagafirði. Pétur einbúi á Hvalnesi hafði samneyti við enska skipshöfn frá 16. öld og passaði upp á draugana í skemmuni.
- 3) Páll kynnist Keisara norðurljósanna á Sauðárkróki og lýsir athöfnum hans víða um land. Á Gistiheimilinu við Stangarholt liggja leiðir þeirra Páls saman og Keisarinn varar hann við að tíminn sé að renna út.
- 4) Pétur gerir skotárás á skip Landhelgisgæslunnar.
- 5) Páll fer að Kirkjumýri og kynnist Ólöfu dóttur Halldóru ráðskonu. Hún finnur þau buxnalaus inni í hlöðu og bindur endi á samdrátt þeirra.
- 6) Þegar Páll kemur heim úr sveitinni er fjölskyldan flutt í Dvergheima. Páll endurheimtir frímerkjabókina frá Magga og Ómari, en frímerkin sjálf eru horfin, og fær viðurnefnið Mussi slappi.
- 7) Vinahópurinn hefur sundrast - Siggi er fluttur til Vestmannaeyja og Jóí orðinn reykjandi leðurjakkatöffari sem kemur Páli ekki til hjálpar þegar hann er uppnefndur.

#### **Síðari hluti, Farandskuggar**

#### **VI (107-132): Páll og Dagný.**

- 1) Páll vegur yfir 100 kg vegna lyfjaneyslu. Hann malar og hugsar um Dagnýju sem verður stöðugt meiri hugarburður.
- 2) Páll heimsækir Dagnýju en hún er óánægð með heimsóknir hans enda telur hún sambandi þeirra lokið.
- 3) Dagný er dóttir háttsetts embættismanns og móðir hennar er svo snobbuð að hún á erfitt með að ímynda sér dóttur sína í slagtogi með syni leigubílstjóra
- 4) Páll kemst í kynni við Dagnýju meðan hann er frískur og vel útlítandi. Þau hlusta á tónlist saman, lesa og láta sig dreyma um ferðalög, en Rögnvaldur og Arnór vinir Páls eru



ekki hrifnir af sambandinu. Rögnvaldur telur Dagnýju yfirstéttarstelpu á smá mótþróaskeiði sem eigi eftir að fara í lögfræði og giftast einhverjum með ættarnafn.

5) Páll heimsækir Dagnýju eftir að þau eru hætt saman, hún er í HÍ og hann hættur í menntó vegna höfuðkvala. Dagný sættist á að fara með Páli í bíó en mætir svo ekki. Páll drekkur sig fullan og fer á stúdentaball í Tjarnarbúð þar sem hann ræðst á Dagnýju og dansherra hennar og er varpað á dyr.

6) Forspá Rögnvaldar um Dagnýju rættist. Páll kynnist Rögnvaldi strax á fyrsta degi í menntó. Hann er úr Borgarfirði, róttækur fútúristi og aðdáandi Egils Skallagrímssonar ("Höggva mann og annan"), drykkfelldur og fyrirferðarmikill og því kallaður flóðhesturinn. Hann fer öllum á óvart í tannlækningar í Þýskalandi, eignast konu og 2 börn og flytur í lítinn bæ norðan heiða. Páli finnst hann breyttur, enda hann sjálfur farinn yfir um.

7) Eftir slaginn í Tjarnarbúð lendir Páll í samkvæmi og sængar hjá einum húsráðenda, Kötlu. Þaðan fer hann daginn eftir beint til Dagnýjar en leggur á flóttu eftir að hann er nærri búinn að stinga hana með hnífi.

8) Frá Dagnýju fer Páll á Mokka og þaðan í heimsókn til ókunnugs manns, finnst hann ofsóttur og sér ofsjónir. Vaknar síðan í strætisvagnabiðskýli.

## **VII (133-156): Aðdragandi þess að Páll er settur á Klepp, og heimsóknir Rögnvaldar.**

1) Páli finnst hann ofsóttur; í Morgunblaðinu er mynd af honum og þess getið að hann hafi ætlað að halda málverkasýningu á lögreglustöðinni. Hann einangrar sig á heimilinu og telur að Halli bróðir sinn dragi grunsamlega menn í húsið. Hann slær Halla við matarborðið fyrir smjatt, brýtur disk og skipar öllum að þegja.

2) Um jólin vill Rögnvaldur að þeir Páll fái sér í glas (rifjaður upp brúðkaupsundirbúningur frá sumrinu áður). Þeir verða viðskila niðri í bæ og Páll ógnar manni með hnífi Rögnvaldar í biðröðinni við Hótel Borg. Páll næst eftir að hafa lent í Tjörninni og varðstjóri ráðleggur honum að leita lækni.

3) Höfuðverkur Páls ágerist. Hann skynjar merkjasendingar nágretta og þrá konunnar í næsta húsi, læsir að sér og neglir fyrir herbergisgluggann að innanverðu. Rögnvaldur hringir og skrifar en Páll telur hann kominn í óvinaliðið, hann sjálfur standi einn.

4) Guð vill að Páll breyti herberginu í örk og fái sér kvenmann en konan í næsta húsi bregst ókvæða við tilboði hans um holdlegt samræði. KGB og Herstöðvaandstæðingar eru meðal andstæðinganna. Páll verður fyrri til aðgerða og hleypur að heiman berfættur á stuttermaból.

5) Þegar Páll hefur verið í nokkur ár viðloðandi á Kleppi kemur Rögnvaldur í heimsókn í hvert sinn sem hann á leið í bæinn. Páll skynjar að Rögnvaldur er ekki eins öfundsverður og hann lítur út fyrir að vera ("... Kleppur er víða." (145)). Hann ræðir um hve auðvelt sé að fyrirfara sér við Reykjanesvita eitt sinn og lætur verða af því síðar með einhverjum hætti (sbr. bílinn "...sem einn daginn ók inn í dauðann" (23)). Arnór gerist prestur eftir suksamt líf í Kaupmannahöfn og jarðsyngur Pál þegar þar að kemur.

6) Þegar Páll er lagður inn á Klepp kynnist hann Brynjólfi geðlækni. Hann er öllum stundum á spítalanum og virðist ekki líða mikið betur en sjúklingunum.

7) Páll hressist, minnkar lyfjaneyslu og fer að hugsa um að skrifa sögu eða yrkja ljóð sem hann geti sýnt Yoko Ono og gefið út í Bandaríkjunum.

8) Páll heimtar peninga af föður sínum og rýkur á dyr með seðlabúnt og ferðaútlit eftir að hafa hótað föðurnum lífláti og velt eldhúsbordinu um koll.

9) Lögreglan hirðir Pál berfættan á Keflavíkurveginum á leið til Bandaríkjanna og fer með hann á Klepp. Þar slæst hann við Vilhjálms gæslumann um útvarpið, er sprautaður niður og settur í einangrun.

### **VIII (157-178): Saga Péturs.**

1) "Postularnir" Pétur og Páll vilja heldur þurrka af og skúra en föndra eða þrjóna sokka. Páll vitnar í biblíuna máli sínu til stuðnings.

2) Pétur hafði tekið inn sýru og þar með eyðilagt í einu vetfangi allar áætlanir um nám og fjölskyldulíf með Jóhönnu kærustu sinni og barni þeirra sem þá var ófætt. Hann er sprautaður niður þegar hann loks ber kennsl á kærustuna eftir heimsókn hennar og foreldra hans.

3) Pétur talar um indíána og telur sig hafa skrifað doktorsritgerð við Pekingháskóla um Schiller. Óli bitill hefur verið lengst félaganna á Kleppi, lifir og hrærist í Bítlunum og telur sig hafa samið flest lög þeirra. Viktor þekkir vel til Englands, talar um gríska harmleiki og sonnettur Shakespeares og bregður sér í gervi Adolfs ("Dolla") Hitlers.

4) Eysteinn, sem er líkari sjúklingi en gæslumanni, fer með Pétri og Páli í bæjarferð. Viktor þurfti að skreppa í neðanjarðarbyrgið og Óli komst ekki vegna ökuferðarinnar í forsetabílnum.

5) Pétur og Páll fá Eystein með sér í HÍ að grennslast fyrir um doktorsritgerð Péturs. Þeir fá kurteislega afgreiðslu á skrifstofunni en háðsglósur frá kunningjum Eysteins, honum til lítillar ánægju.

6) Pétur kemur sér út úr húsi hjá foreldrum sínum og Jóhanna útilokar hann frá barninu. Honum líður eins og Gregor Samsa í Hamskiptunum eftir Kafka, hann ráfar um göturnar milli þess sem hann er settur á Klepp þar sem honum líður einna best.

7) Pétur stekkur út um gluggann á herbergi þeirra Páls og finnst rekinn þremur dögum síðar.

### **IX (179-200): Saga Viktors.**

1) Viktor sat á bryggjunni fyrir vestan og beið föður síns sem fórst með trillu, hélt að hann lifði enn og hefðist við á eyðieyju. Einu sinni hoppaði hann framaf bryggjunni og leið inn í græna furðuveröld.

2) Viktor lærir rafvirkjun við Iðnskólann í Reykjavík. Taugar hans gefa sig í verknáminu og hann fer í tækninám við enskan háskóla en leiðist yfir í bókmenntir. Hann hlustar á Shakespeareleikrit af plötum og í lyfjavímunni fer hann að finna fyrir persónum leikritanna og reyndar Adolf Hitler líka.

3) Viktor er fluttur í böndum til London eftir að hafa krafist þess fá að tala þýsku á munnlegu prófi, og síðan heim. Hann flytur á Gamla garð og fær lán í Samvinnubankanum en við athugun kemur í ljós að Adolf Hitler hefur kvittað fyrir. Lögreglan finnur Viktor í herbergi sínu á Garði í samræðum við Himmler.

4) Páll, Óli og Viktor ræða hvort þeir eigi að fara að jarðarför Péturs. Páll talar um engla alheimsins, Viktor um farandskugga. Páll vill fara að jarðarförinni, Viktor ekki en Óli kemur með málamiðlun.

5) Bjarmalandsför. Páll, Óli og Viktor fara á kvikmynd eftir Buñuel og síðan á Grillið á Hótel Sögu undir stjórn Viktors. Þegar kemur að því að borga fara þeir fram á að lögreglan verði sótt.

6) Lögreglan sækir þá á Sögu og Páll sér ekki betur en laganna verðir skemmti sér vel yfir uppátækinu.

7) Viktor ræðst á Lúðvík gæslumann við komuna á Klepp. Lúðvík krefst þess að Viktor verði sprautaður niður.

### **X (201-219): Öryrkjablokkinn, illvirki Kidda og Sæma, og saga Ómars.**

1) Páll lítur til baka þegar endalokin nálgast: "Ég gerði það á minn hátt." (201)

2) Páll skrifar Rabba bróður sínum bréf þegar hann er fluttur inn í öryrkjablokkina. Hann lýsir giftingaráformum sínum, að hann sé hættur að mestu á lyfjunum, og nýr sannleikur blasi við honum um van Gogh og Gauguin.

3) Páll fer í Athvarfið í Austurstræti og síðan á hamborgarastað í strætisvagnaskýlinu á Lækjartorgi. Kiddi og Sæmi koma á eftir honum inn, éta matinn hans og ræna örorubótunum.

4) Páll kemur heim í Öryrkjablokkina svangur og einmana. Hann hringir í Konráð þáttagerðarmann, segir honum hvað gerst hefur og fær óskalað: "My way".

5) Páll minnst þess þegar hann lét föður sinn ná frímerkjunum af Ómari og strákarnir girtu niður um Pál í hefndarskyni og bundu hann við ljósastaur. Ómar byrjar snemma afbrotaferilinn, stelur hlutum á reiðhjólid sitt og peningum frá móður barnsins sem hann bjargar úr lokaðri íbúð. Seinna þegar leiðir Páls og Ómars liggja saman á gistiheimilinu finnur Páll að Ómar þjáist fyrir misgjörðir sínar og hlutskipti í lífinu. Nokkru síðar fylgir Páll Ómari heim eftir slagsmál á skemmtistað við Hlemm. Ómar vill ekki fara á Slysavarðstofuna og deyr þegar þeir eru nýkomnir heim. Stuttu síðar flytur Páll af gistiheimilinu.

### **XI (221-224): Páll yfirgefur þennan jarðneska heim.**

1) Það er komið sumar þegar Páll yfirgefur þennan jarðneska heim: "Svo tek ég sæng mína og stekk." (222)

2) Foreldrar Páls koma að sækja muni hans. Móðir hans opnar bók Sigfúsar Daðasonar og les orð hans um drauma. Sama dag sér hún ljósmyndina af Páli á stofuborðinu og man drauminn um hestana fjóra.

3) Páll kveðst ekki vera dáinn: hann siglir bláan sjóinn, og vitjar foreldra sinna. Upp úr dufti úlpunnar hans rís fugl sem flýgur burt og hverfur.

### 3. Spurningar sem tengjast einstökum þáttum sögunnar

Þessar spurningar eru hugsaðar til að halda lesendum við efnið en fá þá jafnframt til að velta efni sögunnar fyrir sér. Verkefnið eru þannig að "réttu svörin" liggja kannski ekki alltaf í augum uppi, en þá er það leitinn að hinu góða svári sem gefur náminu og bókmenntalestrinum tilgang fremur en svarið sjálft. Notkun þessara verkefna veltur nokkuð á nemendahópnum; minni spámenn í bóklestri ættu e.t.v. að verja drjúgum tíma í að leysa þau í vinnubækur meðan hinir stærri hefðu þau aðeins til hliðsjónar við lesturinn eða ynnu aðeins lítið brot af þeim.

#### I.

- 1) Lýsið frásagnaraðferð og sjónarhorni höfundar í sögunni. Hvað er sérstakt við mælandann og stöðu hans í tilverunni?
- 2) Hvaða tilgangi þjónar það að tengja líf Páls frá upphafi til enda við Nató og inngöngu Íslands í það hernaðarbandalag?
- 3) Að hvaða leyti er sagan ólík þeim ævisögum sem höfundur lýsir í 3. kafla?
- 4) Hvar má finna dæmi þess í fyrsta hluta sögunnar að Páll vísi til atburða sem lýst verður síðar í sögunni?
- 5) Hvaða fyrirboða má sjá í fyrsta hluta um væntanlega erfiðleika í lífi Páls?

#### II.

- 1) Margar persónur í þessum hluta eiga sér draum. Lýsið draumum nokkurra persóna og rekið hver áhrif draumarnir hafa á líf viðkomandi fólks. Rætast þeir?
- 2) Hvað á Baldvin Bretakóngur við þegar hann talar um engla Páls?
- 3) Hvers vegna finnst Páli að hann sé van Gogh? Hvað eiga þeir tveir sameiginlegt?

#### III.

- 1) Hvernig tengjast orð Makbeðs sögu og sjúkdómi Páls?
- 2) Hvað er höfundur að segja lesendum með því að lýsa afdrifum stúdentsins?

#### IV.

- 1) Hvað telur Ragnar að gæti bætt hegðun sjúklinganna á Kleppi?
- 2) Bendir eitthvað í lýsingum sögunnar til þess að Ragnar hafi rétt fyrir sér?
- 3) Er Bergsteinn heilbrigður? Rökstyðjið svarið.
- 4) Að hvaða leyti er lyfjanotkun á Kleppi vafasöm samkvæmt lýsingum sögunnar?

#### V.

- 1) Hvers vegna er vísað til málverka Chagalls í byrjun þessa hluta? Hvað eiga þau sameiginlegt með líðan Páls?
- 2) Hvers vegna fær Pétur á Hvalnesi að ganga laus?
- 3) Er Keisarinn geðveikur? Rökstyðjið svarið.
- 4) Hvers vegna passar Páll ekki inn í vinahópinn þegar hann kemur úr sveitinni? Hvað hefur breyst?

#### VI.

- 1) Hver er líklegasta ástæðan fyrir því að Dagný vill slíta sambandi þeirra Páls?

- 2) Hvers vegna list Rögnvaldi ekki vel á samband þeirra?
- 3) Hvað bendir til þess að veikindi Páls séu að ágerast í þessum hluta sögunnar?
- 4) Hvað er sameiginlegt með Rögnvaldi og Agli Skallagrímssyni?

## VII.

- 1) Hvað bendir til þess að sjúkdómur Páls sé enn að ágerast í þessum hluta sögunnar?
- 2) Hverja telur Páll vera að ofsækja sig?
- 3) Hvað bendir til þess að Rögnvaldi líði ekki vel? Hvernig endar hann líf sitt?
- 4) Hvers vegna líkar sjúklingunum vel við Brynjólf geðlækni?
- 5) Hvað á Brynjólfur við þegar hann segir að "... geðklofinn eigi sér djúpar rætur í þjóðarsálinni,..." (149)
- 6) "Þú útskrifast ekki með neitt prófskírteini." (150) Hvernig tengjast þessi orð efni 7. kaflans og þeirri dillu Páls að rjúka af stað til Bandaríkjanna?

## VIII.

- 1) Lýsið veruleikabrenslun sjúklinganna hvers um sig: Péturs, Óla bítils, Viktors.
- 2) Hvað er sameiginlegt með Gregor Samsa og Pétri?
- 3) Hvað er sérstakt við Eysteín gæslumann?
- 4) Hvers vegna er Hitler svona "...lífseigur á geðspítalanum..." (166)?

## IX.

- 1) Hvernig bregst Viktor við föðurmissinum?
- 2) Hvers vegna fer Viktor í framhaldsnám í bókmenntum?
- 3) Hvernig má skýra það að Viktori tekst að fá bankastjórnann til að veita lán eignalausum og geðveikum manni?

## X.

- 1) Að hvaða leyti sést nú ný hlið á Ómari síbrotamanni?
- 2) Að hvaða leyti er gefið í skyn að aðstæðurnar geri Ómar að afbrotamanni?
- 3) Hvers vegna kærir Páll ekki Kídda og Sæma?
- 4) Aðstæður Páls virðast vera að batna; hann er fluttur í Öryrkjablokkina og tekur minna af lyfjum, en samt virðist hann svipta sig lífi. Hvers vegna? Hvað vantaði til að gera líf hans bærilegt?

## XI.

- 1) "Tak sæng þína og gakk" sagði frelsarinn forðum; hvernig er hægt að tengja þá sögu við orð Páls: "Svo tek ég sæng mína og stekk." (222)
- 2) Hvernig tengjast orð Sigfúsar Daðasonar (223) lífi og endalokum Páls?
- 3) Hvað bendir til þess að Páli líði betur "eftir dauðann"? Undan hverju hefur hann losnað?

## 4. Sögugreining - verkefni og minnispunktar

Undir þessum hatti er að finna hin hefðbundnu umfjöllunarefni bókmenntaritgerðanna góðu, þ.e. hugtök á borð við byggingu, frásagnaraðferð, tíma, persónulýsingar, umhverfi og túlkun. Torlæsir nemendur eða lítt þroskaðir hafa lítið við það að gera að velkjast lengi í slíkri hugtakapöku en þeir sem lengra eru komnir ættu að geta fundið sér þar viðfangsefni við hæfi. Kennurum til hægðarauka fljóta hér með nokkrir minnispunktar um hvert greiningaratriði ef þeir mættu verða að gagni til dæmis í umræðum að lokinni hópvinnu, við mat á úrlausnum nemenda eða sem efni í kennarainlegg.

### Bygging og frásagnaraðferð

Strax í fyrstu efnisgrein sögunnar fær lesandinn nasasjón af byggingu hennar: "Eftir að ég var kominn inn á Klepp, geðspítalann sem stendur einsog risastór höll við hafið, minnsti ég þess þegar ég var lítill drengur og stóð einn regngráan þokudag á holóttri götunni og horfði á húsin og pollana."(9) Sögumaðurinn Páll er geðsjúklingur sem lítur yfir farinn veg. Fljótlega verður einnig ljóst að sögumaður er látinn (t.d. bls. 12, 13, 15 og 24). Hann er því trúr þeirri skoðun sinni að enginn ætti að skrifa ævisögu sína fyrr en ævi hans er öll (15).

Páll rekur ævi sína nokkurn veginn í tímaröð þau rösku 40 ár sem hann lifir líkt og um sjálfsævisögu sé að ræða. Jafnframt minnir hann lesandann í stuttum innskotsköflum á geðveikina sem beið hans og afleiðingar hennar. Þannig eru minningar sögumannsins úr barnæsku oft tengdar minningabrotum frá fullorðinsárunum þegar brjálæðið tók völdin eða lyfjaskýið byrgði honum sýn. Með þessu móti er lesandinn stöðugt minntur á örlög Páls.

Þrátt fyrir að meginþráður sögunnar sé tímaröðin verður byggingu hennar varla lýst í fáum orðum svo vel sé. Eftirfarandi yfirlit segir kannski meira en orðmargar lýsingar.

### Bygging og frásagnaraðferð, meginatriði

Sögumaður, 1. persóna (Páll = ég) - að baki býr rithöfundurinn Einar Már!

Páll lítur yfir farinn veg að handan - "... enginn ætti að skrifa ævisögu sína fyrr en ævi hans er öll." (15)

Rökleg frásögn að mestu, atburðarás og tímaskyn

Minnir á ævisögur; lítið til baka, saga frá vöggu til grafar, ætt og uppruni. Meginatburðir að mestu í tímaröð (undantekningar t.d. í byrjun sögunnar)

Stokkið til í tíma milli kafla og innan þeirra. Stökk yfir í tíma geðveikinnar algeng (t.d. bls. 9-11, 33, 35, 37, 39, 48, 51, 55-56,...) - minna lesandann stöðugt á örlög Páls

Myndrænir inngangskafar afmarkaðir með punktum, minna á geðveiki? (t.d. bls. 12, 33, 37, 40, 52, 55, ... ) - gefa til kynna mikið hugarflug en kannski líka ákveðið hömluleysi

Draumur móður Páls er fyrirboði sem myndar ramma um söguna; honum er lýst í upphafi (12) og rifjast síðan upp fyrir móðurinni í lokin (223) þegar ævi sonar hennar er öll.

## Tími sögunnar

- \* Ævi Páls uppistaðan; hann fæðist 30. mars 1949 (15) og deyr "... rúmum fjörutíu árum ..." síðar (15), að sumri til (221).
- \* Forsagan (afar og ömmur, foreldrar), nær aftur til færafiskirís á skútum og fyrstu togaranna (24).
- \* Sögulokin; eftir dauða Páls þarf líklega að ætla honum einhvern tíma til að rifja upp og segja söguna.

## Helstu sögupersónur

Eins og endranær liggur leiðin að kjarna sögunnar í gegnum persónum hennar. Nauðsynlegt er að lesendur geri sér grein fyrir persónueinkennum hvarrar fyrir sig og hlutverki í sögunni. Hér þarf oft að brýna fyrir Flóamönnum (ég þekki ekki til í öðrum sveitum) að leita ekki aðeins beinna lýsinga á fólki heldur meta orð og gerðir persónanna og draga af þeim ályktanir um persónur, líkt og í lífinu sjálfu þar sem ekki þykir gott að kynnast heiminum einungis af afspurn.

## Sögumaðurinn

Í Englunum er sögumaðurinn í aðalhlutverki þó ekki sé hann alltaf að segja sína eigin sögu og sé raunar oft í hlutverki áhorfanda fremur en þátttakanda. Í strangasta skilningi er frásögn hans oft með nokkrum ólíkindum og kann það að trufla einhverja lesendur. Þá ber að hafa í huga á skáldskapur á ekki sífellt að þurfa að semja sig að ströngustu kröfum hversdagsleikans.

**Dæmi um verkefni:** Sögumaðurinn - hvað einkennir hann og að hvaða leyti er hann óvenjulegur?

## Minnisatriði um sögumanninn í Englunum

- \* Sögumaður er óvenjulegur að tvennu leyti: geðveikur og dáinn. Hvernig segja menn í hans stöðu frá? Gagnrýnendur hafa efast um að frásagnaraðferðin gangi upp í munninn geðveiks manns. Getur höfundur ekki skotið sér á bak við þá staðreynd að sögumaður er dáinn og getur því allt eins sagt frá á þennan hátt og einhvern annan? Hvernig segja dánir sögur?!
- \* Sögutíminn er nánast öll tuttugasta öldin þó hratt sé farið yfir sögu fyrri helming aldarinnar. Þegar kemur að fæðingu sögumanns eru atburðir raktir af nákvæmni, athöfnum, viðbrögðum og hugsunum ættingjanna lýst eins og hvítvoðungurinn sjálfur sé vitni að þessu öllu og festi sér í minni. Hvað getum við svosem vitað um hæfileika okkar á næsta tilverustigi!
- \* Samtímamenn Páls á Kleppi fá greinargóða lýsingu líkt og sögumaður hafi komist í skýrslur sjúkrahússins, þó svo ástand vistmanna bendi ekki til þess að þeir hafi átt svo greinargóð samtöl um æviatriði sín.
- \* Sögumaður slær reyndar nokkra varnagla um minni sitt: "Hvað man ég og hvað man ég ekki; því hef ég gleymt, ..." (31)
- \* Sögumaður er yfirleitt skýr í hugsun og yfirvegaður þrátt fyrir sjúkdóm sinn. Hann er vel að merkja sloppinn úr viðjum jarðlífsins og rifjar upp jarðvist sína á hærra plani.

\* Kannski þróast sögumaður með frásögninni meira en ætla mætti af veru hans handan við Gullna hliðið. Oftast er hann eins og áhorfandi að eigin veikindum en í sumum köflum er hann nánast samdauna ranghugmyndunum (t.d. arkarsmíðin bls. 143-144 og bréfið til Rabba bls. 202-205). Með þessu móti hefur sjúkdómslýsingin óneitanlega meiri áhrif á lesandann en ef öll lýsingin væri frá sjónarhóli hins hófstilla áhorfanda.

\* Hlutleysi er í frásögninni, æðruleysi. Sögumaður sér sjálfan sig og lýsir gjörðum sínum (svo langt sem hann man) án þess að syrgja orðinn hlut eða áfella nokkurn mann.

\* Niðurstaða um sögumann og frásagnaraðferð Englanna er væntanlega sú að höfundur takist með aðferð sinni að skapa áhrifamikið verk sem varla hefði tekist jafn vel ef önnur leið hefði verið farin.

### Aðrar persónur

**Dæmi um verkefni:** Eftirfarandi skipting persóna gæti orðið uppistaða í persónuverkefni þar sem lýsa ætti persónueinkennum helstu persóna og hvaða áhrif hver og ein hefði á Pál og líf hans.

### Fjölskylda Páls

Páll	María	Ólafur	"amma"
Guðrún, Jóhannes (+ 4 önnur á legg systkini)	Ólafur, Ragnar, Gummi (+ 7)		

Páll, Haraldur, Rabbi, Svana

Fjölskylda Páls er á ýmsan hátt dæmigerð fyrir hræringar í íslensku þjóðlífi á 20. öld þegar þéttbýlishjóðfélagið tekur við af bændasamfélaginu. Móðurættin er samheldin og líf hennar virðist slétt og fellt en í föðurættinni hefur gæfan ekki verið jafn fylgispök. Ólafur afi hefur lent í óreglu og orðið skammlífur, og fátæktin sett sitt mark á líf barna hans.

### Æskuvinir, nágrannar

Gulli, sonur Bergsteins málara

Daníel, Skúli og Stína, börn Þórs togarajaxls og Ellu feitu

Jói og Siggi, synir Benna pípara og Þóreyjar

Óli trillukarl

Steinunn gamla

Nálægðin við Klepp er nokkuð áberandi á bernskustöðvunum líkt og í myndum Bergsteins. Mörkin milli Kleppara og íbúa hverfisins eru því ekki alltaf ljós frekar en í veruleikanum! Mynd barnanna í hverfinu af nágrönnum sínum er líka oft lituð af nálægð hinna geðsjúku (sbr. hugmyndir þeirra um Steinunni gömlu).



### **Skólafélagar í MR**

Rögnvaldur

Arnór

Páll virðist ekki eignast marga vini í menntaskóla og tveir þeir helstu eru kynlegir kvistir og nokkuð utanveltu líkt og Páll. Vinaval hans undirstrikar kannski að á þessum tíma er hann að einangrast frá umhverfinu, hefur misst tengslin við æskuvinina án þess að eignast nýja féлага.

### **Vismenn á Kleppi**

Pétur, Óli bítill, Viktor, Stúdentinn, Keisari norðurljósanna (Tryggvi), Baldvin Bretakóngur, Bjóssi frá Stóra-Hóli, Jóna, Einar (Ali Baba), Gréta

Klepparamirnir eru ýmist samtíða Páli á spítalanum eða fólk sem dvelur þar meðan Páll er að vaxa úr grasi í hverfinu. Á Kleppi eignast Páll vini og á þar sæmilega öruggt skjól. Jafnframt verður honum erfiðara að ganga út í samfélagið á ný.

### **Menn á mörkunum**

Bergsteinn málari, Pétur á Hvalnesi, Rögnvaldur, ...

Hér vakna óneitanlega upp spurningar um hvað greini að heilbrigða og sjúka.

### **Starfsmenn á Kleppi**

Brynjólfur, Eysteinn, Lúðvík, Vilhjálmur vaxtarræktarmaður, Nanna hjúkrunarfræðingur, Ragnar föðurbróðir Páls, Unnur, fyrsti yfirlæknirinn

Hér skiptast persónur nokkuð í tvö horn, annars vegar þær sem láta sig varða líðan sjúklinganna og hins vegar þá sem gera það ekki.

### **Afbrotamenn**

Ómar, Kiddi, Sæmi

Ómar fær uppreisn æru undir lok sögunnar þegar ljóst verður að aðstæðurnar hafa valdið miklu um hvernig fór fyrir honum, auk þess sem hann er ekki eins slæmur og ætla mátti.

### **Konur í lífi Páls**

Stína, Ólöf, Dagný, Kata, "konan í næsta húsi", afgreiðslustúlkan í snyrtivöruversluninni, Guðný féhirðir á skattstofunni

Kvennamál Páls eru yfirleitt heldur sársaukafull og endaslepp, og í sumum tilfellum fyrst og fremst hugarfóstur hans sjálfs. Ólöf og Dagný fá mesta umfjöllun kvennanna og þær hafa líka mest áhrif á Pál og heilsufar hans.

## Páll og æviskeið hans

**Dæmi um verkefni:** Hvað einkennir Pál á hverju æviskeiði? Skráið niðurstöður við hvert atriði fyrir sig, gjarnan fullyrðingu með rökstuðningi og vísun til atvika í sögunni. Að lokum ætti að draga saman niðurstöður um Pál, æviferil hans og einkenni og þróun sjúkdómsins.

### 1. Bernska

Samband við foreldra:

Samband við aðra ættingja:

Samband við vini og leikfélaga:

Persónueinkenni Páls:

Sjálfskilningur og líðan:

Stefna í lífinu:

Tengsl við Klepp:

Forspár og fyrirboðar:

### 2. unglingsár

Samband við foreldra:

Samband við aðra ættingja:

Persónueinkenni fyrir Skagafjarðardvöl:

Persónueinkenni í sveitinni:

Persónueinkenni eftir sveitardvölinu:

Persónueinkenni í menntaskólanum:

Samband við fólkið í Skagafirði:

Samband við vini og aðra jafnaldra í Rvk. eftir sveitardvöl:

Samband við skólafélaga í menntaskólanum:

Samband við Dagnýju:

Sjálfskilningur og líðan:

Stefna í lífinu:

Tengsl við Klepp:

Forspár og fyrirboðar:

### 3. Fullorðinsár

Samband við foreldra:

Samband við aðra ættingja:

Samband við vini utan Klepps:

Samband við vini innan Klepps:

Samband við starfsfólk á Kleppi:

Samband við konur:

Tengsl við samfélagið utan Klepps:

Sjálfskilningur og líðan:

Stefna í lífinu:

Tengsl við Klepp:

Forspár og fyrirboðar:

#### 4. Fyrir handan

Persónueinkenni Páls (sögumanns sem lítur yfir farinn veg):

Líðan:

Tengsl við lifendur:

Viðhorf til jarðlífsins og líðinnar ævi:

### Umhverfi

**Dæmi um verkefni:** Lýsið mismunandi umhverfi sögunnar. Að hvaða leyti eru tengsl milli umhverfis og líðanar persóna, einkum Páls.

Oft virðist lítið koma út úr slíkum "umhverfisverkefnum" annað en upptalning á stöðum. Ekki þýðir þó að gefast upp, heldur verður að undirstrika að umhverfislýsingar eru ekki bara staðir á korti heldur tengjast yfirleitt líðan persóna og meginefni bókmenntaverka. Þess vegna skiptir ekki meginmáli hver staðurinn er heldur hvernig honum er lýst.

Hér fer á eftir minnislisti um helstu staði í sögunni. Kannski er bitastæðast að gera sér grein fyrir mismunandi andblæ á hverjum stað og tengja hann líðan Páls hverju sinni. T.d. er áberandi að í Skagafirðinum er meira rúm fyrir furðufugla en á mölinni og þar líður Páli vel, en strax við komuna á hinar nýju heimaslóðir í Reykjavík byrja erfiðleikarnir enda er Páll þá líka kominn á þann aldur er sjúkdómseinkenni geðklofans fara oft að gera vart við sig. Einnig er Kleppur á sinn hátt skjól fyrir vistmennina sem gengur áberandi illa að fóta sig "úti í samfélaginu". Sé þetta niðurstaða sögunnar felst væntanlega í henni gagnrýni á samfélagið og umhverfið sem lýst er.

- \* Skeggjagata, móðurforeldrar Páls (áður í Ljósalandi þar sem Heima- og Vogahverfið er nú; bærinn hét eftir samnefndum bæ í Hraungerðishreppi í Eyjafirði)
- \* Kambahreppurinn, torfbærinn sem hýsti Ólaf föður Páls
- \* Sjómannastígur, kjallaraíbúð föðurforeldra Páls, 10 börn
- \* Bryggjusund, kjallaraíbúð Ólafs og Guðrúnar foreldra Páls
- \* Teigavegur, heimili móðurforeldra Páls á efri árum
- \* Skagafjörðurinn
- \* Dvergheimar, hæðin sem fjölskylda Páls flyst á eftir dvöl hans í Skagafirði
- \* Breiðholtið; Páll málar í kjallaranum
- \* Fangelsið
- \* Kleppur
- \* Gistiheimilið við Stangarholt
- \* Öryrkjablokkinn
- \* Hýbýli föðursins, hin framliðnu og kvótalaus mið

## Ljóð og saga

### Dæmi um verkefni:

\* Í upphafi sögunnar er ljóð Davíðs Stefánssonar um englana í paradís og dísina himinbornu. Hvernig tengist þetta ljóð söguefninu? Sjálft heiti sögunnar, Englar alheimsins, á sér líka væntanlega rætur í þessu ljóði Davíðs.

\* Í upphafi nokkurra kafla eru ljóðræn brot, afmörkuð frá meginefninu með þremur punktum. Þessi brot þarf að skýra (hvað er verið að segja?) og tengja við söguefnið hverju sinni. T.d. er áhrifamikil mynd dregin upp í lokakaflanum af legsteini Páls "sem flýgur um tómið" (eins og við öll?). Þarna er væntanlega verið að undirstrika það tilgangssleysi sem Páll hefur skynjað í lífi sínu jafnframt því að dauði hans hefur lítil áhrif á þá sem eftir lifa.

Ljóðrænu brotin gefa tilefni til að rifja upp myndhverfingastíl og einkenni hans. Hvernig getur hann tengst veruleikabrenslun geðveiks manns?

\* Páll Valsson segir í ritdómi: "... t.d. finnst manni stundum líkingar geiga..." (1995:111). Hvað er átt við? Hvar eru slík dæmi í sögunni?

\* Oft gefst vel að láta nemendur finna góðar líkingar í sögum, líkingar sem þeim þykja snjallar, áhrifamiklar. Margar vel heppnaðar líkingar eru í sögunni sem eiga að geta höfðað til lesenda, ekki síst hinna yngri. Góðar líkingar er sjálfsagt að skýra og gera grein fyrir áhrifum þeirra á lesandann (hverju er lýst, við hvað er því líkt, og hvaða áhrif nást með líkingunni umfram "venjulegt" mál?).

## Tileinkun

Einar Már skrifar söguna í minningu bróður síns, Pálma Arnar. Sjálfsagt vekur þetta forvitni einhverra fróðleiksfúsra lesenda og má þá vísa þeim á viðtal Silju Aðalsteinsdóttur við skáldið þar sem nokkurn fróðleik er að finna um þetta efni.

**Dæmi um verkefni:** Er Einar Már að skrifa um bróður sinn? Hvernig svarar hann sjálfur slíkri spurningu? Hvað virðist hafa verið líkt með Pálma Arnari og Páli? Hvaða áhrif hefur tileinkunin á lesandann og mat hans á sögunni?

## Túlkun (og tenging við bókmenntasögu)

**Dæmi um verkefni:** Hvað er höfundur að segja með sögunni? Rökstyðjið.

\* Raunsæisverk hafa löngum þótt eiga það sameiginlegt að taka vandamál til umfjöllunar, grípa á kýlum samfélagsins eða benda á hvers kyns misrétti, hvort sem það er tengt stéttarstöðu, kynferði, fítlun eða hverju einu sem upp kann að koma. Englar alheimsins fjalla á sama hátt um ákveðinn þjóðfélagshóp sem hefur lengi átt undir högg að sækja í samfélaginu og á enn.

\* Einar Már segir í viðtali (Silja Aðalsteinsdóttir 1995:27) að ef sagan sé ólík öðrum verkum um svipað efni sé það "...af því að það er engin fyrirfram gefin mynd málefnið í henni." Hann reyni að einfalda ekki efnið um of heldur "...samþætta sálfræðileg viðhorf, félagsleg og tilveruheimspekileg. Svo er örlagahyggja þarna líka."

Þessi ummæli mætti reyna að setja í samhengi við söguna, ræða réttmæti þeirra og rökstyðja með dæmum úr verkinu.

\* Hvert er "vandamálið" í sögunni? Hvers vegna "lendir fólk á Kleppi"? Hvernig verða persónur sögunnar "klepparar"? Pétur tekur sýru, Viktor missir föður sinn. Hvað með Pál, Óla? Hvað með aðrar persónur sem allt eins væru "klepptækar" - hvar eru mörkin milli geðveiki og heilbrigði? Hvað er höfundur að gefa í skyn með ræðu Ragnars um meðferð geðsjúkra (IV,2-3)? Hvar eru mörkin milli snillgáfu og geðveiki?

\* Er einhver "lausn" sjáanleg í sögunni á því vandamáli sem þar er lýst? Hvað þarf að bæta til að gera líf geðsjúklinga bærilegra? Liggur vandinn í bágbornu uppeldi, fordómum samferðamanna og skorti á umburðarlyndi, rangri meðferð á stofnunum, einsemd og einangrun frá "venjulegu" samfélagi...?

\* Hefur sjónarhorn sögunnar ekki mikið að segja fyrir "boðskap" hennar. Í henni fáum við að kynnast líðan geðveiks manns, vonum hans og þrá, en þessi maður tilheyrir jafnframt þeim hópi fólks sem við viljum alla jafna vera laus frá svo við getum lifað óáreitt okkar daglega og snurðulausa lífi.

## Englar alheimsins og önnur geggjuð verk

### Dæmi um verkefni:

\* Einar nefnir Gaukshreiðrið sem dæmi um einfaldaða mynd af heimi geðsjúkra í fyrrnefndu viðtali. Hvernig væri að bera þessi tvö verk saman? Í öðru og eldra viðtali (G.A.T. og P.V. 1987) segist Einar hafa heillast af frásagnaraðferðinni í Tintrommuni eftir Günter Grass en sú saga ku vera sögð af vistmanni á geðveikrahæli (sbr. Ástráður Eysteinnsson 1987:180). Gætu legið þræðir úr þeirri sögu yfir í Englana?

Hér koma auðvitað fleiri verk til greina í samanburði. T.d. mætti minnst frábærra lýsinga á veru góða dátans Svejks á geðveikrahæli í samnefndu verki. En kannski er það "annar handleggur".

Þá má minna á smásögur Einars Más sem áður var getið, Regnbogar myrkursins og Garðyrkjumennirnir, þar sem Viktor og Pétur bóndi á Hvalnesi birtast.

\* **Ljóð Einars Más** falla unglingum oft vel í geð. Það væri á við allnokkurn fyrirlestur um höfundinn að láta nemendur velja sér eitt gott ljóð (að eigin álit) hvern eftir skáldið, útskýra efni þess, tíunda kosti þess, og reyna jafnvel að sjá einhver tengsl við Engla alheimsins.

## 5. Athugunarefni utan sögunnar, tenging við söguefnið

Eins og lesendum Engla alheimsins verður fljótt ljóst er þar vísað í margvíslegt efni tengt sögu, listum og ýmsu fleiru. Ekki er því úr vegi að nota tækifærið til að láta nemendur afla sér þekkingar á því efni sem vísað er til, og tengja það við söguefnið. Hér fara á eftir hugmyndir að nokkrum slíkum verkefnum. Reyndar er ljóst að þessar skírskotanir út fyrir söguna hafa mismikið gildi og sumar kannski mjög takmarkað. Hér er þó sú leið farin að telja smátt sem stórt og láta viðtakendum eftir að skilja kjarnann frá hisminu. Upptalningin er þó ekki tæmandi.

**Myndlist; finna þarf myndir af þeim verkum sem nefnd eru í sögunni og afla upplýsinga um ævi listamannanna sjálfra:**

Vincent van Gogh  
Paul Gauguin: Tahitistúlkurnar  
Marc Chagall: Fljúgandi kýr  
Pablo Picasso

**Surrealisminn (bókmenntir, myndlist, kvikmyndir); helstu einkenni og tenging við söguefnið.**

Luis Buñuel og verk hans (kvikmyndir)

**Bókmenntaverk og persónur þeirra:**

Egils saga og Egill Skallagrímsson  
Shakespeare: Makbeð, Ríkharður þriðji, Hamlet  
Schiller  
Frans Kafka: Hamskiptin og Gregor Samsa  
T.S. Eliot: The Lovesong of Alfred J. Prufrock (og ævi Eliots)  
Sigfús Daðason: Ljóð (t.d. Hendur og orð XIV og XXV)

**Tónlist:**

Frank Sinatra (einkum "My way")  
Bítlarnir og textar þeirra  
Grateful Dead  
Yoko Ono  
Sid Vicious  
David Bowie ("Day after day, they take some brain away")

**Þjóðsögur og þjóðtrú:**

Draugar í þjóðsögum, draugatrú  
Huldufólk í þjóðsögum, huldufólkstrú  
Miðlar og sjáendur  
Andalæknar  
Valdar þjóðsögur, t.d. sagan af drengnum úr Flóanum sem fékk hlaupaflog og sagt er frá í Ferðabók Sveins Pálssonar við árið 1796 (sbr. Matthías Viðar Sæmundsson 1993).

**Sálfræði:**

Geðklofi og kenningar um hann  
Geðlækningar og saga þeirra  
Geðlyf

**Íslands- og mannkynssaga:**

Adolf Hitler  
Marilyn Monroe?  
30. mars 1949, ólík sjónarhorn

Múrarnir milli austurs og vesturs - saga og hrun  
Hernám Íslands 1940

**Biblían:**

Jesús Kristur og geislabaugurinn (71)

Örkin hans Nóa (143)

Aldingarðurinn í ljósum logum (102)

Fjallræðan: Liljur vallarins (159)

Postularnir Pétur og Páll (165)

"Tak sæng þína og gakk"

"Geðveiki" í Biblíunni; kraftaverkasögur, raddir af hinnum o.þ.h.

## 6. Ritunarverkefni

Á þessu sviði má hugsa sér ótal verkefni. T.d. er hægt að staldra við allmarga atburði í sögunni og semja út frá þeim

\* verk út frá mismunandi sjónarhorni

\* ólíkar tegundir ritsmíða.

Varla þarf að taka fram að slíkar ritsmíðar þarf að undirbúa vel, með tilheyrandi hugmyndasöfnun og umritunum.

### Dæmi um verkefni:

#### Grillferð vistmannanna á Kleppi:

\* Lýsing matargests á Hótel Sögu á atvikum

\* Lesendabréf frá yfirþjóninum á Grillinu

\* Lögregluskýrsla þeirra sem færðu Pál og félagi á Klepp

#### Forsetabíllinn:

\* Blaðafrétt

\* Lögregluskýrsla

\* Blaðaviðtal við forsetann um atvikið

\* Þjóðsaga

#### Ævintýri Viktors:

\* Samtal Viktors og bankastjórans samið út frá lýsingu sögunnar. Síðan geta fylgt útskýringar bankastjórans á atvikum.

\* Samtal Viktors (í gervi Hitlers) við Himmler. Lýsing lögregluþjónanna á handtöku Viktors og aðstæðum.

#### Páll hleypur að heiman berfættur (III,1):

\* Samin blaðafrétt um atvikið með hefðbundinni byggingu

\* Þjóðsaga þar sem atburðir eru tengdir huldufólki og álögum

**Steinunn gamla:**

- \* Samin þjóðsaga í hefðbundnum stíl um barnaát hennar
- \* Blaðaviðtal við Steinunni þar sem hún lýsir tildrögum þess að strákarnir bjargast úr sjávarháská.

**Minningargreinar:**

- \* Samin eftirmæli um nokkra Kleppara í sögunni. Hvernig eru minningargreinar um fólk sem fyrirfer sér?

**Bréfaskriftir:**

- \* Páll skrifar bréf að handan til foreldra sinna þar sem hann útskýrir hvers vegna hann hafi yfirgefið jarðlífið.
- \* Páll skrifar bréf að handan þar sem hann lýsir lífi sínu þar og að hvaða leyti það sé frábrugðið jarðlífinu.

**Páll frá ýmsum sjónarhornum:**

- \* Nágrannar, ættingjar, vinir og kunningjar semja brot úr endurminningum sínum þar sem Páli er lýst. Þessi minningabrot ættu að vera jafn ólík og kynni viðkomandi persóna af Páli.

**Stælingar** eru vanrækt ritunarform. Hvernig væri að nemendur (og kennarar) smíðuðu sitt eigið líkingamál með hliðsjón af vel völdu myndmáli úr sögunni. Dæmi af handahófi:

- \* "... hún fór sem stroklaður um hjarta mitt og þurrkaði burt allar aðrar stúlkur." (108)
- \* "Stundum ligg ég eins og eyja í köldum sjónum og skelf af hrolli." (83)
- \* "... er veröldin aðeins örlítið bátskrili og guð oggulitill fuglsungi í yfirgefnu stýrishúsinu." (179)
- \* "Ég er einn af þessum ósýnilegu þjóðfélagsþegnum sem líða með vindinum í gegnum Austurstrætið og læt aðeins á mér kræla þegar eldfjöllin krauma í sálinni." (206)

**Sögur af "furðufuglum":**

- \* Allir hafa kynnst fólki sem ekki fer troðnar slóðir í lífinu. Hvernig væri að bera sögur af slíku fólki úr veruleikanum saman við það sem lesa má í Englum alheimsins og reyna að sjá samhengi þar á milli. Hér gæti hvort heldur verið um "sögustund" að ræða þar sem sagðar væru og ræddar sögur af sérkennilegu fólki, eða þá ritaðar sögur sem sumar væru lesnar í heyranda hljóði. Þetta er vandmeðfarið en kannski yrði niðurstaðan einmitt sú að furðufuglarnir væru manna eðlilegastir og "hinir" eitthvað bilaðir.

**Ritdómar:**

- \* Semjið stuttar blaðadóm um söguna þar sem helstu einkenni slíkra sitsmíða koma fram. Kynnið söguna stuttlega. Segið í einlægni kost og löst á henni og rökstyðjið með dæmum.



## 7. Glefsur úr ritdómum

Hér ættu lesendur að geta án mikillar fyrirhafnar glöggvað sig á viðbrögðum og vangaveltum gagnrýnenda. Varla þarf að taka fram að ritdómar geta nýst vel til að þjálfa nemendur í meðferð heimilda, og er þá ekki einungis hugsað um handavinnuna sem því fylgir heldur miklu fremur þá hugarþjálfun sem skólar eiga að veita nemendum með því að láta þá kynna sér skoðanir annarra, ræða þær og vega með rökum og rökstyðja sínar eigin niðurstöður með hliðsjón af þeim.

Bent hefur verið á að hið skáldlega mál sé náskylt orðræðu hins sjúka [þ.e. geðsjúka] og þar búa eflaust einhver sannindi að baki. [---] Inn í textann blandast svo brot sem lýsa ástandi og upplifun sögumanns og þar ber oft á ljóðrænum tilþrifum. Jafnframt því birtist vel sú orðræða sem þar á við um heim Páls,... (Einar E. Laxness 1993)

Líta má á þessa sögu sem paróđu á ævisögur, því hér er sögumaður geðsjúklingur sem eflaust mundi ekki hæfa nútímaævisagnariturum. (Einar E. Laxness 1993)

Í sögunni kemur fyrir fjöldinn allur af persónum sem eru misvel gerðar, en einna áhugaverðastar eru aðrir sálufélagar sögumanns. (Einar E. Laxness 1993)

Með þessari bók tekst Einari Má að skapa skáldverk með ákveðnu tvísæi, þar sem tungutak skáldskaparins og þess geðsjúka skarast á lifandi hátt. Þannig að útkoman verður oft á tíðum mjög áhugaverð fyrir þær sakir hvað orðræða nútímans blandast heimi hins vitfirra á skáldlegan hátt. (Einar E. Laxness 1993)

Sagan er sögð í stuttum köflum sem lýsa upp einstök atvik á viðburðaríkri ævi og draga upp eftirminnilegar myndir af örlögum ólíkra samferðarmanna: æskufélögum sem fara út af sporinu með ýmsum hætti, inn á Hraun eða í faðm sjálfsmorðsins, og sá eini sem kemst klakklaut af er hálfgerður lúser sem endar í guðfræði og nær þeim áfanga að syngja yfir moldum vinar síns. (Gísli Sigurðsson 1993)

Allar hnitast þessar sögur með einhverjum hætti um spurningar sem tengjast því hvernig til tekst með lífið, þegar geðsjúkir á stofnunum drepa sig, glæpamenn lemja hver annan til dauðs og fylla flokk hinna sjúku á götunum, og jafnvel fyrirmyndarmaðurinn slær sig af þótt hann eigi allt til alls: vel launað starf, konu, börn og bíl og hús. En áleitnast í huga lesandans er kannski hvað hefur kveikt á biluninni hjá Páli - þó hann sjálfur sé ekki upptekinn af því. Af hverju verður einn Kleppsmatur og ekki hinn, og hver er sjúkur þegar upp er staðið? (Gísli Sigurðsson 1993)

Hvarvetna rekst hann [Páll] á vegg og útkoman er sú að skemmtilegur og einlægur strákur lendir í öngstræti þar sem ekki verður aftur snúið. En kannski var honum aldrei ætluð önnur leið.

Í Englum alheimsins er reynt að skilja þá ólíku strauma sem leika um sturlaðan huga og við finnum sterklega fyrir hinni óviðráðanlegu veiki sem leggst á hæfileikaríkan unglíng. Við kynnumst því líka hvernig hann heldur persónueinkennum sínum og nær sambandi

við annað fólk í þeirri blöndu bilunar og mannlegra tilfinninga sem við eigum öll sameiginlegar en hann ræður ekki við og er þess vegna úr leik: (Gísli Sigurðsson 1993)

Persónulýsing Páls er með glæsilegustu bókmenntaafrekum síðari ára, skrifuð af mikilli frásagnarlist þar sem fara saman djúpur skilningur á lífsvandanum, væntumþykja og tilfinning fyrir persónunni, stórgóður húmor og markviss heildarsýn sem gefur okkur samfellda sögu úr marglitum brotum. Í blöndu af þessu er sagnagaldurinn fólgin. (Gísli Sigurðsson 1993)

Sögumaðurinn heitir Páll og lesendur fá snemma að vita að hann er kominn yfir móðuna miklu þegar sagan er sögð. Þetta er hinsvegar engin draugabók; og þá eru draugarnir af þessum heimi en ekki öðrum. (Hrafn Jökulsson 1993)

Lýsingar Einars Más á meðhöndlun geðsjúklinga eru oft og tíðum einsog hrollvekja.

Mestur hryllingur er þó fólgin í þeirri óþægilegu tilfinningu að Einar Már sé einfaldlega að segja frá hlutunum eins og þeir voru í raun - og eru kannski enn.

Að þessu leyti er skáldsaga Einars Más einhver sterkasta ádeila sem íslenskur rithöfundur hefur sent frá sér í háa herrans tíð. Hún er áfellsdómur yfir mannfélagi sem sýnir skepnum meiri ræktarsemi og alúð en sínum minnstu bræðrum og systur. Í raun er bókin ákæra á hendur þeim sjálfumglaða meirihluta sem telur sig normal og útskúfar þeim sem eru á einhvern hátt "öðruvísi": lokar þá inni og drepur í þeim allt tilfinningalíf og vitsmuni með læknaðopi. (Hrafn Jökulsson. 1993)

En Englar alheimsins er ekki kolsvört hrollvekja mestanpart. Fyrst og fremst er þetta sallafinn skáldskapur; saga um mannleg örlög, vissulega nóturleg á köflum og miskunnarlaus, en við fáum líka að kynnast sannri elskusemi og samstöðu þeirra sem kallaðir eru minnimáttar. (Hrafn Jökulsson 1993)

Þeir [Páll og félagar hans] eru huldumenn nútímans. "Venjulegt" fólk sér þeim bregða fyrir en þekkir ekki heiminn þarsem þeir lifa og deyja; þeir tilheyra annarri vídd sem fæstir vilja vita af. (Hrafn Jökulsson 1993)

Englar alheimsins er óumdeilanlega besta skáldsaga Einars Más Guðmundssonar, og sú skáldsaga ársins sem mest tíðindi hefur að flytja. (Hrafn Jökulsson 1993)

Í þessar bók skiptast á myndræn ljóðræna og beinn frásagnarstíll. Það er ljóðrænan sem seiðir fram stemmningu, angurværa eða hrollkalda, og það er frásagnarstíllinn sem gefur höfundu færi á að treysta persónusköpun verksins og koma að hvassri gagnrýni á skeytingarleysi þjóðfélags gagnvart þeim sem öðruvísi eru. (Kolbrún Bergþórsdóttir 1993)

Í þessari bók skiptist á alvara, gamansemi og ádeila, allt framreitt af miklum hagleik. (Kolbrún Bergþórsdóttir 1993)

En Einari tekst ætlunarverk sitt og hefur unnið mikinn og eftirtektarverðan sigur með þessu verki. Hann hefur lagt í þetta verk alla hæfileika sína, tilfinningu og þroska. Útkoman er verk sem hittir lesandann beint í hjartastað.

Þessi bók er besta skáldsaga Einars Más Guðmundssonar. Að mínu mati er hún einnig besta skáldsaga þessa árs og áhrifamesta skáldverk ársins.

Líkt og hið undurgóða smásagnasafn Gyrðis Elíassonar Tregahornið er skáldsaga Einars Más Guðmundssonar ekki tilnefnd til hinna Íslensku bókmenntaverðlauna og það minnir okkur enn á ný á það að verðlaunatilnefningar eru lotterí. (Kolbrún Bergþórsdóttir 1993)

Það er sárásjaldan fengist við geðveiki í íslenskum skáldsögum hvað þá að heil saga sé lögð brjáluðum manni í munn. Kannski er hann full annarlegur þessi einstaklingur sem villst hefur útúr tilveru hlutverkanna og eigrar um í sínu undarlega umhverfi, án tilefnis sem oft er blandað saman við lífið sjálft; öðruvísi en aðrir, einkennilegur, en kannski ekkert vitskertari en hinir þegar allt kemur til alls. (Matthías Viðar Sæmundsson 1993)

Brjálæðingurinn hefur komið lítið við sögu skáldsögunnar hér á landi. Við könnumst hinsvegar við hann af fjölda þjóðsagna sem fylgt hafa þjóðinni öldum saman. Því er líkast sem maður þessi hverfi inn í stein álfasögunnar, burt frá mönnum inni ókenndan heim sem hversdagsfólkið getur einungis ímyndað sér hvernig er í laginu og túlkað með ljóðum og sögum; því sá sem eitt sinn hefur gengið í björg kemur frávíta eða utanviðsig til baka. (Matthías Viðar Sæmundsson 1993)

Saga Einars Más er full af tjáningarmyndum geðveikinnar, ofskynjunum sem jaðra við glórulausan súrrealisma á köflum.[--- ] Hér er leitast við að gefa brjálseminni tungumál, oftast nær í formi fagurra ljóðmynda sem fléttast saman við röklega frásögn af persónum og atvikum. Þessar myndrænu lýsingar eru afar skáldlegar, kannski um of til að hægt sé að leggja trúnað á þær sem reynslumyndir; ætli sársauki geðsjúklingsins sé nokkuð af skáldlegri ætt - er það ekki einber rómantik sem okkur hefur verið innrætt í menningu sem ýmist hefur lítið á sturlaða menn sem ómennskar skepnur eða innblásna vitringa, er einhver djúp viska í æðinu? Frásögnin sjálf brýtur sjaldan af sér ramma röklegs tungumáls, hún er skrifuð innaní rökhyggjunni sem hinir heilbrigðu lifa við, sögumaður drottinn yfir hugsunum sínum og athöfnum. (Matthías Viðar Sæmundsson 1993)

Saga Einars Más er merkilegur áfangi á höfundarferli hans hvað sem ákveðnum efasemdum líður. Hún er fléttuð saman af mikilli list, bráðfyndin á köflum þrátt fyrir þungt efni, skreytt litríkum mannlýsingum og uppákomum auk þess sem sjónarhorn sögumanns er nokkuð sérkennilegt. Það er því óhætt að mæla með þessari sögu; hér er enginn "farandskuggi" á ferðinni. (Matthías Viðar Sæmundsson 1993)

Ein niðurstaða sögunnar sýnist mér einmitt vera að hinir geðveiku séu englar, tilvist þeirra og sýn á veruleikann flytji mönnum mikilvæg sannindi. (Páll Valsson 1995:106)

Saga þessara áratuga á Íslandi kallast með sérstæðum hætti á við þá veröld sem nú blasir við, um leið og hún endurspeglar heimssöguna. Þessir eiginleikar þurfa ekki að koma lesendum Einars Más á óvart, þvert á móti má kalla það eitt af hans greinilegustu

höfundareinkennum hversu meðvitað hann leitast sífellt við að fanga hið stóra í hinu smáa, hið alþjóðlega í hinu staðbundna. [---] Saga fjölskyldunnar endurspeglar sögu íslensku þjóðarinnar á þessari öld, m.a. flutninginn úr sveit í borg, og þróunina úr fátækt til sífellt rýmri fjárhags.

Allt tengist þetta með skýrum hætti lífi og persónu Páls og gerir hann að eins konar tákngervingi þjóðarinnar. [---] Um leið verður hann líka holdgervingur hins tvískipta heims á tímum sem kenndir hafa verið við kalt stríð. (Páll Valsson 1995:107-108)

Hér notar hann íróniú, hómor sem á köflum er jafnvel galsafenginn, til þess að segja sögu sem er í eðli sínu ákaflega sorgleg. (Páll Valsson 1995:108)

Sérstaðan gefur lífi þeirra tilgang, gerir þá að englum guðs. Sagan fær þannig á sig allt að því trúarlegan eða kristilegan blæ og má t.d. minna á þegar þeir postularnir Pétur og Páll arka um bæinn ásamt Óla bitli sem lítur út eins og Kristur og talar á köflum eins og hann. (Páll Valsson 1995:109)

Eins og nærri má geta í sögu af þessu tagi birtist samfélagsgagnrýni með ýmsum hætti, bæði bein og óbein. Með óbeinni gagnrýni á ég við ýmsar hugleiðingar um að ekki sé allt sem sýnist í sambandi einstaklings og samfélags, en sagan flytur jafnframt berorða gagnrýni á aðbúnað geðsjúkra. [---] Í þessu sambandi er þó rétt að taka fram að Einar Már fellur aldrei í þá gryfju að ásaka eða einfalda flókna hluti heldur undirstrikar hann þvert á móti margar hliðar þeirra. (Páll Valsson 1995:109)

Börnin eru með í "leiknum", þótt á öðrum forsendum sé, og draumar þeirra og ímyndanir rekast iðulega á við veruleikann, rétt eins og hjá þeim geðveiku. Þau hafa eins og þeir vissa sérstöðu og þarfnast tillits. Að þessu er komið með beinum hætti þegar glæpahneigð Ómars er rakin til uppvaxtar hans og skorts á hlýju og skilningi. Þetta hefur undanfarin ár verið fyrirferðarmikið stef í norrænum bókmenntum og Einar Már er í þessu efni á svipuðu róli og sá norræni höfundur sem nú fer einna víðast um veröldina, Daninn Peter Höeg. (Páll Valsson 1995:109)

En hér er komið að áleitinni spurningu sem þessi saga varpar fram: Að hve miklu leyti skapar maður sjálfur sitt eigið líf og hvenær er maður leiksoppur orlaganna? (Páll Valsson 1995:110)

... ég hef staldrað við kosti sögunnar, enda eru þeir yfirgnæfandi og þótt ekki sé hún gallalaus fremur en önnur mannanna verk, t.d. finnst manni stundum líkingar geiga og smávægileg ónákvæmni kemur fyrir, þá verður tal um slíkt eins og hvert annað marklaust nöldur í ljósi sögunnar sem heildar. Englar alheimsins er að mínum dómi tvímælaust besta verk Einars Mús til þessa. Hér fléttar hann saman margvíslegt efni, sumt af því hefur hann glímt við áður, en ljær því nýja og táknræna merkingu og margeflir þannig áhrif og skírskotanir sögunnar. (Páll Valsson 1995:110-111)

**Að lokum, úr nýlegri blaðgrein eftir aðstandanda sjúklings:**

Hin ljóðræna bók Englar alheimsins eftir Einar Mú Guðmundsson, sem fjallar á einkar nærfærinn hátt um líf og dauða geðklofasjúklings, verkar á mig eins og Requiem, sálumessa fyrir látinn bróður. Það gleymist oft að sjálfsvíg eru tíð meðal geðklofasjúklinga. Hróður þessarar bókar fer vaxandi og er það vel. Í Danmörku er hún í efsta sæti á sölulista og hún verður þýdd á norsku, sænsku, finnsku, hollensku og þýsku. Efni hennar á alls staðar erindi við hugsandi fólk.

(Erna Arngrímsdóttir. "Í þessum orðum", *Morgunblaðið* 25. ágúst 1995.)

## 8. Heimildir

### Ritdómar um Engla alheimsins

- Einar E. Laxness. "Annarskonar ævisaga." *Tíminn* 27.11. 1993  
Gísli Sigurðsson. "Húmor í myrkri og einsemd." *DV* 18.12. 1993  
Hrafn Jökulsson. "Sá kuldi sem kallaður er þjóðfélag." *Alþýðublaðið* 3.12. 1993  
Kolbrún Bergþórsdóttir. "Besta skáldsaga ársins." *Pressan* 16.12. 1993  
Matthías Viðar Sæmundsson. "Dimmir dagar." *Morgunblaðið* 1.12. 1993  
Páll Valsson. "Orrustan geisar í heitu höfði okkar." *Tímarit Máls og menningar* 2, 1995.  
Pröstur Helgason. *Efst á baugi*, 1. tbl.1993.

### Einar Már Guðmundsson, viðtöl og þættir

- Guðmundur Andri Thorsson og Páll Valsson. "Lífsgleðin á grunnplaninu." (viðtal við Einar Má) *Teningur* 3, 1987.  
Illugi Jökulsson. "Með vængi á heilanum." *Garpur hf. og Ríkissjónvarpið* (þáttur um Einar Má í tilefni af veitingu Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs, sýndur 9. apríl 1995)  
Silja Aðalsteinsdóttir. "Ósýnilegi barþjónninn segir frá." (viðtal við Einar Má) *Tímarit Máls og menningar* 2, 1995, bls. 9-33 (sjá einnig heimildaskrá þar).

### Ritdómar í tímaritum um fyrri verk Einars Más

- Ástráður Eysteinnsson. "Syndaflóð sagnaheimsins." *Skírnir* 161. ár, vor 1987.  
Helgi Grímsson. "Sendisveinninn og Róbinson Krúsó." *TMm* 5, 1987.  
Páll Valsson. "Leitin að stílgaldrinum." *TMm* 1, 1989.  
Skafti Þ. Halldórsson. "Rauðir dagar." *TMm* 1, 1991.  
Vésteinn Ólason. "Stigamaður." *TMm* 2, 1983.  
"Pegasus blakar vængjum í reykvískum þakrennum." *TMm* 5, 1985.  
"Eftirmáli regndropanna." *TMm* 3, 1987.